

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
vt. nefndasvið Alþingis  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2984  
komudagur 11. 8. 2010

9. ágúst 2010  
Tilvísun: 2010060083

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 649. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvupósts dags. 24. júní sl. þar sem allsherjarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breyt. á alm. hegningarlögum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 649. mál.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið efni frumvarpsins og hefur ekki athugasemdir vegna þess.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Ragnar Hafliðason

  
Guðrún Finnborg Þórðardóttir



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2964*  
*komudagur 10.8.2010*

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. ágúst 2010

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 138. löggjafarþing 2009-2010, þskj. 1195 – 649. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum. Fyrirhuguð er viðbót við 6. gr. laganna en í því ákvæði er kveðið á um að refska skuli „eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot, sem þannig er háttað, er hér á eftir segir, enda þótt það sé framið utan íslenska ríkisins og án tillits til þess, hver er að því valdur.“ Samkvæmt ofangreindu frumvarpi mun nýr töluliður bætast við 6. gr. er orðast svo: „Fyrir háttsemi sem greinir í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003.“

Mannréttindaskrifstofan fagnar þeim fyrirætlunum íslenskra stjórnvalda að fullgilda umræddan samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og gerir ekki sérstakar athugasemdir við hið framlagða frumvarp.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

*Kolbrún B. Árdal*

Kolbrún Birna Árdal, lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/2965*  
*komikomudagur 8. 2010*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

9. ágúst 2010

A-8  
LÖ/bb

Vísað er til erindis allsherjarnefndar Alþingis frá 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 649. mál.

Ofangreint frumvarp mælir fyrir um breytingu á 6. gr. laganna, er felur í sér heimild til að sækja mann til saka eftir hegningarlögum fyrir brot, sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, enda þótt þau séu framin erlendis og án tillits til þess hver er valdur af þeim. Frumvarpið er flutt samhliða tillögu til þingsályktunar um aðild að nefndum samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.

Ríkisendurskoðun hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarp þetta.



Alþingi  
Erindi nr. P 138/2948  
komudagur 16.7.2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 16. júlí 2010

Tilvísun: 2010060195

50.03



Tilvísun yðar: Þskj. 1195 — 649. mál.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Umsögn ríkislögreglustjóra - frumvarp til laga um breytingu á almennum  
hegningarlögum**

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis, dags. 24. júní sl., er óskað umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 649. mál. Embætti ríkislögreglustjóra gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. RLS

  
Guðmundur Guðjónsson / Thelma C/

Reykjavík 23. júní 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um frumvarp til laga um frumvarp til laga um breyt. á alm. hegningarlögum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu), 649. mál.

Frumvarpið er samið í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu í tilefni af fyrirhugaðri aðild að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 31. október 2003. Markmiðið er að heimila að maður verði sóttur til saka eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot sem falla undir samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu, enda þótt þau séu framin utan íslenskra ríkisins og án tillits til þess hver er valdur að þeim.

Ríkissaksóknari tekur undir þá breytingu sem lagt er til að gerð verði á almennum hegningarlögum og lýsir yfir stuðningi við frumvarpið.

  
Valtýr Sigurðsson

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2985  
komudagur 11.8.2010



VIÐSKIPTARÁÐ  
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
b/t nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum (samningur Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu). (649.mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér innleiðingu ákvæðis í almenn hegningarlög vegna samnings Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu.*

Samhliða frumvarpi þessu er lögð fram tillaga til þingsályktunar, 652. mál, um aðild Íslands að samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Viðskiptaráð mælir með aðild Íslands að þeim samningi og er sú breyting sem ofangreint frumvarp felur í sér eðlileg breyting á almennum hegningarlögum því til samræmis.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands